

**Ná.**

**71. Frumvarp**

til laga um sjerleyfi til vatnavirkjunar.

Flutningsmenn: Bjarni Jónsson frá Vogu og Jón Baldvinsson.

1. gr.

Ekki má veita neitt sjerleyfi til að virkja vatn án samþykkis Alþingis, þar til er ný vatnalög og sjerleyfislög eru samín og sett og gengin í gildi, ef um meira afl ræðir en 1000 eðlishestorkur.

2. gr.

Ákvæði eldri laga hjer um eru numin úr gildi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

#### Á s t æ ð a n

til þessa frv. er sú, að víst þykir, að vatnamálin muni eigi verða útrædd á þessu þingi, en ofmikið lagt í hættu, að svo standi sem nú er.